



Reykjavík, 9. apríl 2021
USK2021010099

Til: Skipulags- og samgönguráðs

Efni: Fyrirspurn áheyrnafulltrúa Miðflokksins um götuþrif 2020

Vísað er til fyrirspurnar áheyrnafulltrúa Miðflokksins um götuþrif 2020 dagsett 13. janúar 2021 – US200459. Fyrirspurnin er svohljóðandi: „*Hvað hafa göturnar í Reykjavík verið þrifnar/þvegnar oft á árinu 2020 tæmandi talið eftir hverfum?*“

Hreinsunartímabil miðast við 15. mars 2020 - 14. mars 2021, upphaf þess er í kringum þann tíma er vorhreinsun hefst. Á síðasta tímabili voru allar stofn- og tengibrautir sópaðar að minnsta kosti þrisvar og þvegnar einu sinni.

Allar húsagötur voru sópaðar tvisvar og þvegnar einu sinni.

Vegna hagstæðs veðurfars í vetur var ákveðið að sópa eina umferð til viðbótar þegar það var hægt í þeirri von um að koma í veg fyrir svifryksmengun af þeim götum sem Reykjavíkurborg sinnir.

Fjöldi umferða hreinsunar gatna á síðasta hreinsunartímabili má sjá á meðfylgjandi korti.

Virðingarfyllt,

Hjalti J. Guðmundsson

Skrifstofustjóri reksturs og umhirðu borgarlandsins

